

Mánudaginn 29. maí 1989.

Nr. 14/1989.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Herði Ólafssyni

(sjálfur).

Ríkissaksóknari. Vanhæfi. Skipun verjanda. Ómerking.
Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Máli þessu var af hálfu ríkissaksóknara áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 6. janúar 1989 og einnig af hálfu ákærvalds til sakfellingar „samkvæmt ákæru“, þyngingar refsingar og lengingar ökuleyfissviptingar.

Þegar mál þetta kom til munnlegs flutnings fyrir Hæstarétti, var af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar sakfellingu í öllum ákæruliðum. Þá var krafist, að ákærði yrði sviptur rétti til að stjórna ökutæki ævilangt frá 18. nóvember 1986 og til greiðslu sakarkostnaðar, en refsing ákærða þyngd, og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Í greinargerð 25. maí 1989 gerði ákærði þessar dómkröfur: „Aðallega er krafist sýknu, en til vara ómerkingar. Málskostnaðar er krafist samkvæmt mati dómsins.“

I.

Með bréfi 19. maí 1989 til Hæstaréttar tilkynnti ákærði, að hann myndi mótmæla því að vararíkissaksóknari annaðist flutning málsins af hálfu ákærvaldsins fyrir Hæstarétti. Með bréfi Hæstaréttar 22. maí 1989 var ákærða, sem er hæstaréttarlögmaður og heldur sjálfur uppi vörnum fyrir sig fyrir Hæstarétti, tilkynnt að í upphafi málflutnings yrði fjallað um ofangreind mótmæli. Hefur sá málflutningur farið fram. Ákærði hélt fast við fyrri mótmæli sín. Vararíkissaksóknari, sem flutti málið af hálfu ákærvalds, andmælti þessari málsástæðu ákærða.

Ákærði lagði fram ljósrít af bréfi ríkissaksóknara 6. janúar 1989 til dómsmálaráðuneytisins. Í bréfinu vísar ríkissaksóknari til bréfs ákærða 23. desember 1988, „þar sem hann kærir til ráðuneytisins hald, sem lagt var á bifreið hans“ sama dag. Í bréfi ríkissaksóknara segir einnig: „Vegna þess, sem nú er borið fram í fyrrgreindu bréfi lögmansins, tel ég rétt að skorast undan frekari saksóknarstörfum í máli þessu. Beini ég því til dómsmálaráðuneytisins, að vararíkissaksóknari eða annar löghæfur maður verði skipaður til meðferðar málsins, sbr. 22. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.“ Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 11. janúar 1989 var vararíkissaksóknari „skipaður til þess, sem sérstakur ríkissaksóknari, að fara með saksóknarvald“ í ofangreindu máli „með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 74/1974“. Ofangreint mál er til meðferðar í sakadómi Reykjavíkur og fer vararíkissaksóknari með saksókn í því samkvæmt skipunarbréfi þessu.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt þessu verið leystur undan saksóknarvaldi í ofangreindu máli. Samkvæmt málflutningi af hálfu ákærvalds tengist það mál hæstaréttarmáli þessu á þann hátt að krafa, sem þar er gerð um að bifreið ákærða verði gerð upptæk, byggist að hluta á ætluðum brotum hans, sem ákært hefur verið út af í báðum ákærum í máli þessu. Telja verður að við þessar aðstæður geti ríkissaksóknari ekki lengur farið með mál þetta. Hæstaréttarmál þetta flytur vararíkissaksóknari í umboði ríkissaksóknara og ber samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 74/1974 að „hlíta fyrir-mælum ríkissaksóknara í störfum sínum“. Af því leiðir, að vararíkissaksóknari er ekki bær að flytja mál þetta í umboði ríkissaksóknara.

II.

Með bréfi til Hæstaréttar 15. maí 1989 krafðist ákærði ómerkingar beggja héraðsdómanna í hæstaréttarmálunum nr. 14/1989 og 67/1989. Í áðurgreindri greinargerð sinni ítrekar ákærði þessa kröfu sína með þeim rökum, að í báðum málunum hafi hann verið sviptur rétti til að verja sig sjálfur. Þar sé um að ræða brot á 3. mgr. 81. gr. laga nr. 74/1974 svo og 6. gr. 3 c Evrópusamningsins frá 20. mars 1952, sem Ísland sé aðili að, sbr. auglýsingu nr. 11/1954.

Í þinghaldi 20. maí 1987 í sakadómi Reykjavíkur lýsti ákærði yfir,

að hann myndi sjálfur flytja fram vörn í máli sínu samkvæmt ákærunni frá 4. mars 1987. Jafnframt ítrekaði hann kröfu sína um að aflað yrði í málinu sjúkaskýrslu frá göngudeild fyrir áfengis-sjúklinga og geðdeild Landspítalans, er hann vörðuðu, svo og örorkuvottorðs þar sem hann hygðist byggja varnir í málinu á geðrænu ástandi sínu á þeim tíma, sem ætluð brot ættu að vera framin. Í þinghaldi 27. janúar 1988 var lagt fram ljósrit örorkumats tryggingayfirlæknis, undirritað af Karli Strand geðlækni 12. maí 1986, ásamt ljósritum tveggja læknisvottorða frá 18. október 1984 og 14. apríl 1986, svo og ákæra, dagsett 12. nóvember 1987. Enn var þingað í málinu nokkrum sinnum. Í þinghaldi 14. október 1988 kom Karl Strand fyrir dóm sem vitni samkvæmt beiðni ákærða. Ákærði krafðist úrskurðar um skyldu vitnisins til að svara tiltekinni spurningu um skilning vitnisins á læknisfræðilegum hugtökum, sem í læknisvottorði voru tilgreind á latínu. Með bréfi 24. október 1988 tilkynnti héraðsdómarinn ákærða, „að ástæða þykir til með vísan til 81. gr. laga nr. 74/1974 að skipa yður verjanda ... Er yður veittur kostur á að benda á einhvern, er rétt hefur að lögum til að taka að sér verjandastarfann“. Ákærði mótmælti samdægurs þessari ætlan dómans og bar fram þá fyrirspurn, hvað liði „úrskurði yðar um skyldu Karls Strand lækni til að svara spurningum mínum í þinghaldi 14. október sl. um skilning hans á latnesku setningunni (sic) „psychosis maniodepressiva — typus circularis, 296,5“ í vottorði Gísla Á Þorsteinssonar lækni 14. apríl 1986, en á því vottorði byggði Karl örorkumat sitt“.

Jafnframt tók ákærði fram, að í „því dómsmáli, sem hér liggur fyrir, þarf að upplýsa, hvort sú varnarástæða mín sé rétt ... að ég hafi verið geðveikur og því ósakhæfur á þeim tíma, sem máli skiptir.... E.t.v. gæti Læknaráð orðið hér að liði?“ Hinn 25. október 1988 var ákærða skipaður verjandi, sem í þinghaldi 2. nóvember 1988 féll frá kröfu um úrskurð um skyldu vitnisins Karls Strand til að svara áðurgreindri spurningu, svo og fleiri kröfum, sem ákærði hafði sett fram. Ákærði, sem var staddur á dómþinginu, taldi sér þá ekki þörf á að vera viðstaddur og vék úr dómnum. Verjandi lýsti þá yfir, að hann teldi rannsókn lokið, og óskaði eftir fresti til að skila skriflegri vörn.

Telja verður að þau gögn, sem fyrir liggja í málinu um geðhagi

ákærða, séu ófullnægjandi og að héraðsdómara hefði verið rétt að hlutast til um frekari rannsókn um þá.

Ákærði er hæstaréttarlögmaður. Héraðsdómari hefur án nægjanlegs rökstuðnings synjað ákærða að flytja fram vörn sína sjálfur. Nú verður ekki um það dæmt, hvort högum ákærða hafi verið svo komið, að rétt eða skylt hafi verið að skipa honum verjanda.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 3. mgr. 81. gr., sbr. 183. gr. laga nr. 74/1974, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm svo og málsmeðferð frá og með þeim degi, er héraðsdómari skipaði ákærða verjanda, hinn 25. október 1988, og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

III.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað af áfrýjun málsins á ríkissjóð svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði. Málskostnaðarkrafa ákærða er hins vegar ekki tekin til greina.

D ó m s o r ð:

Hinn reglulegi ríkissaksóknari fer ekki með mál þetta.

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi svo og meðferð málsins frá og með 25. október 1988, og er málinu vísað heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Benedikts Blöndals og
Haralds Henryssonar.**

Í dómi Hæstaréttar 3. febrúar 1989 í málinu nr. 17/1989 kemur fram, að hinn 23. desember 1988 var að kröfu ríkissaksóknara lagt hald á bifreið ákærða. Þá framkvæmd kærði ákærði samdægurs til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem lögleysu. Ráðuneytið sendi ríkissaksóknara þetta erindi ákærða til athugunar og umsagnar 4. janúar 1989. Í svari sínu til ráðuneytisins 6. janúar 1989 skoraðist ríkissaksóknari undan frekari saksóknarastörfum í máli því,

sem þar um ræðir, og beindi því til ráðuneytisins, að vararíkissaksóknari eða annar löghæfur maður yrði skipaður til meðferðar málsins, sbr. 22. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Hinn 11. janúar 1989 var Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari síðan skipaður til þess, sem sérstakur ríkissaksóknari, að fara með saksóknarvald í því máli ákærða.

Það, að hinn reglulegi ríkissaksóknari skoraðist undan meðferð framangreinds máls á grundvelli „kæru“ ákærða 23. desember 1988, veldur ekki sjálfkrafa vanhæfi hans í málum gegn ákærða, sem áður hafði verið ákært í. Ekkert er komið fram um vanhæfi hins reglulega ríkissaksóknara í máli því, sem hér er til meðferðar. Vararíkissaksóknari er því bær að flytja það í umboði hans.

Ákvörðun héraðsdómara um, að verjanda skuli skipa, sætir ekki kæru, sbr. 5. tölulið 170. gr. laga nr. 74/1974. Það veldur ekki ómerkingu hins áfrýjaða dóms, að dómari málsins í héraði rökstuddi ekki ákvörðun sína um skipun verjanda fyrir ákærða.

Héraðsdómari tók afstöðu til sakhæfis ákærða á grundvelli fyrirbyggjandi gagna um geðheilsu hans. Ekki er fram komið, að ákærði hafi fyrir Hæstarétti uppi vörn, er snýr að sakhæfi hans. Komi slík vörn fram hér fyrir dómi, má frekari gagnaöflun í því efni fara fram samkvæmt heimild 184. gr. laga nr. 74/1974, án þess að ómerkja þurfi héraðsdóm og vísa málinu heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Samkvæmt þessu teljum við, að hafna eigi kröfu ákærða um, að vararíkissaksóknari fari ekki með þetta mál, og halda beri áfram munnlegum flutningi málsins, þar sem frá var horfið.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1988.

Ár 1988, föstudaginn 11. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 599/1988: Ákærvaldið gegn Herði Ólafssyni, sem tekið var til dóms hinn 8. þ.m.

Málið er af ákærvaldsins hálfu höfðað með tveimur ákæruskjölum, dagsettum 4. mars og 12. nóvember 1987, á hendur Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, Njálsgötu 87, Reykjavík, fæddum 12. september 1921 á Ísafirði.

Í fyrrnefnda ákæruskjalinu er mælt fyrir um höfðun opinbers máls á hendur ákærða „fyrir að aka bifreið sinni, R 94, sex sinnum undir áhrifum áfengis, svo sem rakið er:

1.

Fimmtudagskvöldið 13. febrúar 1986 frá Sauðárkróki áleiðis til Reykjavíkur, uns lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Þjóðveginum við bæinn Hraunsnef í Norðurárdal, og neyta jafnframt áfengis við aksturinn.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

2.

Aðfaranótt miðvikudagsins 19. mars 1986 frá Njálsgötu 87 og um götur í Laugarneshverfi, þar sem lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Gullteigi við Hofteig.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

3.

Föstudaginn 3. október 1986 frá Reykjavík áleiðis til Selfoss og aka bifreiðinni með 130 kílómetra hraða austur Suðurlandsveg við Sandskeið á Hellisheiði, en lögreglumenn stöðvuðu akstur hans í Svínahrauni nokkru austar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, og a-lið 1. gr. auglýsingar nr. 252/1973, sbr. 50. gr. umferðarlaga, allt sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

4.

Miðvikudagskvöldið 8. október 1986 frá Reykjavík áleiðis í Víðines á Kjalarnesi, aka bifreiðinni með 121 kílómetra hraða norður Vesturlandsveg við Grafarholt og sinna þar ekki stöðvunarkerkjum lögreglumanna, heldur aka bifreiðinni inn á veginn að Keldnaholti, þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum við hús Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins í Keldnaholti.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og b-lið 1. gr. auglýsingar nr. 252/1973, sbr. 50. gr. umferðarlaga, allt sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

5.

Um miðnætti aðfaranótt þriðjudags 18. nóvember 1986 frá Njálsgötu 87 að Vífilsgötu 19 í Reykjavík og aftur að Njálsgötu 87, þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum skömmu eftir akstur.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

Mánudaginn 19. janúar 1987, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, frá Njálsgötu 87 að Eskihlíð 26 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlagna.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Í síðari ákærinni er mælt fyrir um höfðun opinbers máls á hendur ákærða „fyrir að aka bifreiðinni R 94 um götur í Reykjavík í eftirgreind sjö skipti á árinu 1987, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, svo sem hér er rakið:

- 1) Miðvikudaginn 22. apríl, um götur í miðborginni.
- 2) Föstudaginn 24. apríl, austur Tryggvagötu.
- 3) Þriðjudaginn 28. apríl, að lögreglustöðinni við Hverfisgötu.
- 4) Laugardaginn 2. maí, vestur Sundlaugaveg.
- 5) Miðvikudaginn 6. maí, um Njálsgötu og Snorrabraut.
- 6) Laugardaginn 13. júní, þá undir áhrifum áfengis, norður Snorrabraut, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.
- 7) Mánudaginn 10. ágúst, þá undir áhrifum áfengis, suður Kalkofnsveg og Lækjargötu og inn á Amtmannsstíg, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., liði 6 og 7, auk þess við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., allt sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, sæti fangelsi fjóra mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúna ökutæki í fjögur ár frá 18. nóvember 1988 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hrl., 35.000,00 krónur.